

Foreldrafélag Álfhólsskóla

Fréttabréf stjórnar <http://alfholsskoli.is> sjá: foreldrar

Aðalfundur Foreldrafélags Álfhólsskóla

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn þann 17. maí n.k. í salnum í Hjalla. Óskað er eftir tillögum að laga- og breytingum fyrir 9. maí n.k. Tillögur sendist á tölvutækuformi á netfang foreldrafélagsins: ffalhol@gmail.com. Breytingar munu verða á stjórninni þar sem þrjár fulltrúar voru kosnir til eins árs.

Fólk er hvatt til að gefa kost á sér til stjórnar.

Bekkjarfulltrúanámskeið

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa var haldið 2. febrúar og mættu um 50 bekkjarfulltrúar. Helga Margrét Guðmundsdóttir, tólmstunda- og félagsmálafræðingur var fyrirlesari á námskeiðinu. Meðal annars talaði hún um hlutverk bekkjarfulltrúa:

Þeir eru þreifarar og miðla upplýsingum

- til og frá foreldrum í bekknum og umsjónarkennara
- til og frá stjórn foreldrafélagsins
- til og frá fulltrúum foreldra í skólaráði

Bekkjarfulltrúar koma á umræðum um uppeldisleg gildi og um skólastarfið. Kalla þannig fram raddir þeirra. Foreldrar þurfa að þekkjast og hittast - (rætt -frætt - og bætt) Bekkjarstarfið er öflug eining í skólastarfinu

Hópnum var skipt upp í smærri hópa og fékk hver hópur spurningu sem þeir áttu að ræða. Meðal annars voru eftirfarandi spurningar:

- Hvað þarf að gera til að auðvelda öllum foreldrum að taka þátt í skólastarfinu?
- Hvernig stuðlar skólinn að þátttöku foreldra í skipulögðu samstarfi við skólann?
- Hvernig getur skólinn bætt upplýsingamiðlun til foreldra?

Skemmtileg umræða kom upp í hópunum og það var mikil jákvæðni og orka í fulltrúaráðshópnum.

Niðurstöðurnar má sjá inn á heimasíðu skólans á svæði foreldra.

Uppskeruhátíð



Uppskeruhátíð félagsmiðstöðvarinnar Pegasus og foreldrafélagsins verður haldin 18. maí n.k. klukkan 17.00 til 20.00 Nánar auglýst síðar.

Takið daginn frá og verið með.

Ársgjöld

Verið er að innheimta ársgjöldin núna og eiga þau að vera komin inn í heimabankana. Ársgjöldin eru skylda en ekki munu verða innheimtir vextir. Ákveðið var á aðalfundi í haust að gjaldið væri 1.750kr.

Öskudagur

Á öskudaginn var skólinn með uppákomur fyrir börnin.



Á yngstastigi var kötturinn sleginn úr tunnunni og síðan voru saumaðir öskupokar, búnar

Í lok dags voru fengu allir nammipoka sem foreldrafélagið bauð upp á. Á miðstigi var dagurinn með svipuðu sniði og þar fengu allir nammipoka líka.



Unglingastigið var hinsvegar í Marítafræðslu sem er fræðsla um skaðsemi fíkniefna.

Við ákváðum að ekki mætti skilja þau útundan svo að þau fengu snakkpoka í tilefni dagsins einnig í boði foreldrafélagsins.